

þing í máli þessu, greiði 50 króna aukagjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.

Föstudaginn 16. marz 1951.

Nr. 127/1950. **Ákærvaldið** (Gunnar Þorsteinsson)
 gegn

Jóni Pálma Karlssyni (Einar Ásmundsson).

Setudómari próf. Ármann Snævarr
 í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Brot gegn áfengislögum, bifreiðalögum og umferðar.

Dómur Hæstaréttar.

Sigurður M. Helgason, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri, hefur kveðið upp héraðsdóminn.

Brotum ákærða 30. marz 1950 er rétt lýst í héraðsdómi, og varða þau við ákvæði þau, sem til er vitnað í dóminum, svo og við 24. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941.

Telja verður sannað, að ákærði hafi neytt áfengis við bifreiðarakstur að kvöldi þess 11. maí 1950 og aðfaranótt 12. s. m. Þá hefur hann og í sama skipti gerzt brotlegur við 5. gr. laga nr. 23/1941 með því að hafa hemla bifreiðar sinnar í ólagi. Einnig hefur ákærði í þetta sinn sýnt mikið gáleysi í akstri, eins og lýst er í héraðsdómi, og varða þau brot hans við laga-ákvæði þau, sem til er vitnað í dóminum. Þykir refsingin samkvæmt 38. gr. laga nr. 23/1941, 14. gr. laga nr. 24/1941 og 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarkaupstað, sbr. 77. gr. laga nr. 19/1940, hæfilega ákveðin 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og um sakarkostnað. Þá ber og að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, 800 krónur til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Pálmi Karlsson, greiði 1500 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 10 daga í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um sviptingu ökuleyfis og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin laun sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Gunnars Þorsteinssonar og Einars Ásmundssonar, 800 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Eyjafjarðarsýslu og Akureyrar 10. ágúst 1950.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 13. f. m., er höfðað af ákæruvaldsins hálfu gegn ákærða, Jóni Pálma Karlssyni bifreiðarstjóra, Hafnarstræti 37, Akureyri, með stefnu, útgefinni 31. maí s.l., til refsingar, ökuleyfissviptingar og málskostnaðargreiðslu vegna meints brots á ákvæðum bifreiðalaga, umferðarlaga, áfengislaga og lögreglusamþykktar Akureyrar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur að Mosfelli í Austur-Húnavatnssýslu 9. jan. 1922. Hann hefur sætt kærnum og refsingum, sem hér segir:

- 1945 12/6 50 kr. sekt e. sátt á Akureyri fyrir ölvun á alm.færi.
- 1946 23/1 30 kr. sekt e. sátt á Akureyri fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1946 4/9 30 kr. sekt e. sátt á Akureyri fyrir brot á bifreiðalögum.
- 1947 2/10 25 kr. sekt e. sátt í Rvík fyrir ölvun á alm.færi.
- 1947 12/6 Dómur á Akureyri, 500.00 kr. sekt og sviptur ökuleyfi í 6 mánuði fyrir brot á 219. gr. alm. hegningarl., umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Akureyrar.
- 1948 15/12 Dómur á Akureyri, 150.00 kr. sekt til ríkissjóðs fyrir brot á bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941, 23. gr., 1. málsg., umferðarlögum, 3. gr., 2. mgr., og 4. gr., 3. mgr., sbr. 14. gr.
- 1948 3/12 Áminning fyrir brot á bifreiðalögum og kr. 100.00 í skaðabætur.
- 1950 21/2 Kr. 150.00 í sekt fyrir brot á 13. gr. sbr. 35. gr. áfengislaga.

Mál þetta er risið út af tveimur atvikum. Það fyrra gerðist að kvöldi fimmtudaginn 30. marz s.l., en það síðara kvöldið og nóttina 11.—12. maí s.l. Verða atvik að þessum atburðum athuguð, hvort fyrir sig.

I.

Fimmtudagskvöld 30. marz s.l., um kl. 23.30, fékk lögreglan hér vitneskju

um, að bifreiðaárekstur hefði orðið þá fyrir skömmu skammt frá Hótel Norðurlandi, og var talið, að ákærði hefði verið valdur að honum.

Lögreglan fór þegar á vettvang, en þá var bifreiðin farin þaðan og ákærði einnig, en dyraverðir hótelsins gáfu þær upplýsingar, að ákærði hefði ekið bifreiðinni A-37 með framhlutann aftan á vörubifreiðina A-853, og hefði hann fengið menn, sem þarna komu að, til að losa bifreiðarnar í sundur, og hefði hann síðan ekið bifreiðinni í burtu. Lögreglan hóf síðan leit að bifreiðinni og fann hana mannlausa uppi á Menntaskólalóð, og var hún allmikið skemmd. Eftir þetta reyndi lögreglan að hafa upp á ákærða, en það reyndist árangurslaust um nóttina.

Með framburði ákærða og vitna er þetta upplýst um ferðir hans þetta kvöld. Ákærði var atvinnubifreiðarstjóri hjá Bifreiðastöð Oddeyrar og var þar að starfi fimmtudagskvöldið 30. marz s.l. Um kl. 21.30 þetta kvöld kom á afgreiðslu bifreiðastöðvarinnar Friðgeir Axfjörð og bað um bifreið, og fór ákærði að aka með hann um bæinn. Ákærði telur, að Sigurður Sigursteinsson hafi komið í bifreiðina um leið og Friðgeir Axfjörð, en Friðgeir og Sigurður hafa hins vegar báðir borið, að Sigurður hafi komið í hana síðar. Síðar um kvöldið tók Friðgeir þrjár stúlkur upp í bifreiðina, og voru þær þar nokkurn tíma. Sigurður var í bifreiðinni um eina klukkustund, að því er hann hefur sjálfur áætlað, og stjórnaði hann bifreiðinni jafnan, meðan hann var í henni. Hefur ákærði staðhæft, að það hafi verið eftir ósk Sigurðar, og kvaðst hann hafa leyft honum það, og hefur Sigurður borið það sama um þetta atriði. Þegar klukkan var farin að ganga 24 þetta kvöld, ók ákærði vestur Gránufélagsgötu og síðan suður Túngötu og ætlaði að stöðva bifreiðina þar skammt frá Hótel Norðurlandi, aftur af vörubifreið, sem stóð þar á hægri kanti, en þegar hann ætlaði að hemla, kveðst hann hafa runnið af hemlinum og lent með fótinn á benzin-fetlinum. Við þetta jókst hraðinn töluvert hjá ákærða, og lenti hægri hjólhlífín á bifreið ákærða á vinstra afturhjólí vörubifreiðarinnar, en hún lenti ekki á pallinum að öðru leyti en því, að útvarpsstöngin brotnaði. Þegar þetta gerðist, var Friðgeir Axfjörð orðinn einn eftir í bifreiðinni með ákærða. Við áreksturinn beyglaðist framvari, aurbretti og framljósker brotnaði. Ekki gat ákærði komið bifreiðinni í gang aftur á eigin spýtur, enda var vélin svo straumlítill, að sögn ákærða, að ekki hafi verið hægt að hleypa henni, og framvarinn hafði beyglazt þannig, að henni varð eigi snúið í gang. Nokkrir menn, sem nærstaddir voru, ýttu bifreiðinni síðan í gang, og voru meðal þeirra Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri og framannefndur Friðgeir Axfjörð auk nokkurra annarra manna, sem ákærði kvaðst ekki þekkja. Þegar bifreiðin var komin í gang aftur, bað Friðgeir Axfjörð ákærða að aka sér upp að Menntaskóla, og gerði hann það, en er þangað kom, stöðvaðist vélin, og gat ákærði ekki komið henni í gang aftur. Friðgeir fór síðan gangandi niður í miðbæ, en ákærði varð eftir við bifreiðina. Eftir skamma stund kom Friðgeir aftur í annarri leigubifreið með Vernharði Sigursteinssyni, og fór ákærði þá í þá bifreið, og var þá ekið fyrst niður í bæ og því næst suður fyrir bæinn gegnt Eyjafjarðarárbrúm og síðan til bæjarins aftur. Kvaðst ákærði þá hafa ætlað að

fá þessa bifreið til þess að draga sína, en hætt við það, vegna þess hve framorðið var. Sagðist hann þá hafa farið strax heim og farið að sofa. Bifreiðin, sem ákærði ók á, skemmdist ekkert, að því er vitað verður. Ákærði hefur stöðugt neitað því, að hann hafi sjálfur verið undir áhrifum áfengis í þetta sinn við bifreiðarstjórn né heldur neytt nokkurs áfengis þetta kvöld eða síðustu dagur á undan. Einnig hefur hann haldið því fram, að enginn af þeim, sem í bifreið hans voru þetta kvöld, hafi verið ölvaðir eða verið með áfengi.

Friðgeir Axfjörð og Sigurður Sigursteinsson hafa báðir verið leiddir sem vitni í máli þessu, og hefur þeim, að því er máli skiptir, borið saman við ákærða, og hafa þeir báðir sagt, að þeir hafi ekki séð, að ákærði væri undir áhrifum áfengis í þetta sinn, né heldur að hann væri með áfengi í bifreiðinni. Hins vegar sagðist Friðgeir hafa neytt áfengis, áður en hann kom í bifreiðina hjá ákærða, en kveðst ekkert áfengi hafa verið með í bifreiðinni og kveðst álíta, að enginn hefði séð það á sér, að hann hefði neytt áfengis. Sigurður Sigursteinsson bar enn fremur, að bifreið ákærða hefði verið slæm í stýri, vegna þess að framhjólbarðar voru misstórir.

Engin af stúlkunum, sem voru í bifreið ákærða þetta kvöld, hafa verið leiddar sem vitni, þar sem ekki hefur fengist upplýst, hverjar það voru. Vitnið Vernharður Sigursteinsson, sem ók ákærða eftir slysið, hefur einnig borið, að hann hafi engin merki ölvunar séð á ákærða þetta kvöld né heldur á Friðgeir Axfjörð, og að þeir hafi ekki verið með neitt áfengi í bifreið þess síðar um kvöldið.

Vitnið Jón Norðfjörð leikari var staddur í anddyrinu á Hótel Norðurlandi, þegar áreksturinn varð, og fór þegar á vettvang ásamt Snorra Sigurðssyni, dyraverði á hótelinu. Vitnið kveðst álíta, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis, og sagðist strax hafa haft orð á því við dyravörðinn. Kveðst vitnið einkum hafa ályktað þetta af því, hversu æstur ákærði hefði verið og hversu háttalag hans hefði verið klaufalegt, einkum í sambandi við það, að hann ætlaði að reyna að snúa vélinni í gang, eins og bifreiðin var á sig komin, og með því að aka strax burt. Hann sagði einnig, að Þorleifur Sigurbjörnsson hefði reynt til að stilla ákærða og koma vitinu fyrir hann um, að ekki væri hægt að snúa vélinni í gang.

Vitnið Snorri Sigurðsson, dyravörður að Hótel Norðurlandi, hefur borið svohljóðandi: Vitnið var statt í anddyri hótelsins, er smellurinn heyrðist frá árekstrinum, og fór þegar á vettvang, og sá vitnið ákærða við bifreið sína, sem ekið hafði verið aftan á vörubifreið. Vitnið sá ákærða reyna að yta bifreiðinni af stað með hjálp nokkurra unglinga, en vitnið staldraði þarna örstutt við og fór inn í hótelið til þess að hringja á lögregluna til að láta hana vita um áreksturinn. Áður hafði vitnið þó sagt við ákærða, að bezt væri að láta bifreiðina vera kyrra, en ákærði hafi engu anað því. Þá hefur vitni þetta borið, að eftir útliti ákærða að dæma hafi sér virzt hann vera undir áhrifum áfengis, en ekki kveðst vitnið nánar geta gert sér grein fyrir þessu áliti sínu. Þorleifur Sigurbjörnsson bifreiðarstjóri hefur einnig mætt sem vitni í máli þessu. Vitnið, sem talaði við ákærða,

hefur borið, að því hafi ekki virzt hann vera neitt óvenjulega æstur eða öðruvísi en hann ætti að sér að vera. Einnig hefur vitnið staðhæft, að það hafi ekki séð nein merki þess, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis í þetta sinn. Loks hefur vitnið neitað því, að það hafi reynt til að hindra ákærða við að snúa vélinni í gang.

Loks hefur Ágúst Jóhannsson, sem bjó í sama húsi og ákærði, borið það, að hann hefði opnað húsið fyrir ákærða um nóttina og að hann hefði þá ekki séð á honum einkenni ölvunar.

Eins og að framan er greint, hefur ákærði stöðugt neitað því að hafa verið ölvaður í þetta sinn eða neytt áfengis. Hins vegar hafa tvö vitni borið, að þeim hafi virzt hann vera undir áhrifum áfengis. Önnur bein sönnunargögn liggja ekki fyrir um þetta atriði, og lítur rétturinn svo á, að þetta sé ekki fullnægjandi sönnun fyrir því, að ákærði hafi verið ölvaður í þetta sinn. Hins vegar verður að telja, að hann hafi með ógætilegum akstri brotið ákvæði 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna, og með því að aka um bæinn með ófullnægjandi ljós hefur hann brotið ákvæði 7. gr bifreiðalaganna og 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaganna. Loks hefur ákærði brotið ákvæði 9. gr. 2. mgr. umferðarlaganna.

II.

Aðfaranótt föstudagsins 12. maí s.l., kl. 03.40, tilkynnti maður, að nafni Friðjón Pálsson frá Kollugerði, lögreglunni, að bifreiðinni A. 37 hefði verið ekið á vörubifreiðina A. 315 við samkomuhús bæjarins, og skýrði nánar svo frá: Hann hafði skilið við vörubifreiðina A. 315 austast á götunni framan við samkomuhúsið, og sneri hún í norður. Hann varð árekstrarins var og fór þegar út. Hékk fólksflutningabifreiðin A. 37 þá utan í bifreiðinni A. 315. Hafði bifreiðinni A. 37 verið ekið að sunnan, og hafði hún lent með hægri hliðina á vinstra afturhorninu á vörupalli A. 315, og rifnaði öll hliðin aftur úr. Bifreiðarstjóri A. 37 í þetta sinn var ákærði, og var hann lítið eitt skorinn á hendi og andliti. Friðjón hjálpaði ákærða að losa bifreiðarnar í sundur, og ók ákærði síðan í burtu. Þegar ákærði var farinn, fannst vitninu við nánari athugun óskiljanlegt, hvernig maðurinn hefði ekið á vörubifreiðina, þar sem hann hafði fulla götubreidd til að aka eftir, og datt þá í hug, að eitthvað kynni að vera athugavert við manninn, og gerði lögreglunni því aðvart. Vörubifreiðin skemmdist mjög lítið við áreksturinn.

Þegar lögreglan frétti um áreksturinn, fór hún þegar að svipast um eftir bifreiðinni og ákærða og fann þá bifreiðina á Hafnarstræti hjá Höepfner, en ákærði sást hvergi. Í bifreiðinni fann lögreglan þrjár tómar gosdrykkjaflöskur og eina tóma áfengisflösku, og virtist sem nýlega hefði verið drukkið úr henni. Einnig lá í bifreiðinni tíu króna seðill, og loks var þar ríffill. Lítils háttar blóð sást einnig í bifreiðinni. Ekki náði lögreglan í ákærða um nóttina.

Lagður hefur verið fram uppdráttur lögreglunnar af slysstaðnum. Samkvæmt uppdrættinum er gatan á þessum stað tæpir 9 metrar. Upplýst er og, að vörubifreiðin A. 315 sé 1.92 m og að hún hafi staðið um 1.50 m frá

eystri vegarbrún, og var því auð gata austan við hana, um 5.20 m. Ekkert var, sem skyggði á, og veður var þurrt og bjart og svo að segja eða alveg bjart af degi.

Ákærði hefur skýrt þannig frá málavöxtum: Hann var eigandi bifreiðarinnar A. 37 og starfaði sem leigubifreiðarstjóri á Bifreiðastöð Odd-eyrar. Fimmtudaginn 11. maí s.l., um kl. 16—16.30, byrjaði hann að aka Sigurði Jónssyni bifreiðarstjóra á B.S.O. Var Sigurður með áfengi og neytti þess í bifreiðinni. Hann ók síðan með Sigurð um bæinn og nágrenni fram á kvöld, en um matmálstíma fóru þeir hver heim til sín. Um kl. 20.30 fóru þeir síðan fram í Öngulsstaðahrepp og komu fyrst að Syðra-Hóli og tóku þar í bifreiðina þýzka stúlku, að nafni Rita, og því næst óku þeir að Munkaþverá í sama hreppi og tóku þar aðra þýzka stúlku, Helen að nafni. Ekki komu þeir inn á nefndum bæjum eða annars staðar í þessari ferð, og hittu engan mann að máli nema þýzku stúlkurnar. Þau fóru síðan öll til Akureyrar, og var ekið með fólkið um bæinn í eina klukkustund. Eftir þetta ók hann stúlkunum aftur heim til sín á framangreinda bæi og ók síðan með Sigurð Jónsson til bæjarins og fór með Sigurð heim í Gránufélagsgötu. Sagðist ákærði fyrr um daginn hafa verið búinn að hitta þýzku stúlkurnar í bænum og hafi þær þá beðið sig að koma um kvöldið og sækja sig. Eftir að Sigurður fór úr bifreiðinni, sagðist ákærði hafa ekið einsamall suður bæinn og neðri leiðina við samkomuhúsið, en ekið síðan efri leiðina norður aftur, því hann hafi ætlað að aka einn hring í bænum og að hann hafi lent í árekstrinum í þeirri ferð. Ákærði sagði, að þegar hann var að aka norður Hafnarstrætið í þessari ferð, hafi hann veitt athygli vörubifreiðinni, sem stóð á eystri kantinum, nokkru áður en áreksturinn varð, enda hafi verið orðið albjart. Hann kveðst hafa ekið um 1 metra frá vinstri gangstéttarbrún. Síðan sagði hann, að sér hefði orðið lítið út á Pollinn, en svo hafi hann ekki vitað til fyrr en hann heyrði áreksturinn og fékk glerbrot á hæggra eyrað. Steig ákærði þá þegar á hemlana, en sagði, að þeir hefðu ekkert verkað. Ákærði sagðist hafa vitað um, að loft væri í hemlunum, því að þeir hafi lekið vökva, og hafi orðið að pumpa inn á þá, svo að þeir verkuðu. Sagði hann, að bilun þessi hafi komið fram daginn áður, og hafi þurft að pumpa stöðugt meir inn á þá. Ákærði segist hafa ekið á þriðja ganghraðastigi og hefur stöðugt staðhæft, að hann hafi ekki verið á miklum hraða, og eigi yfir löglegum hraða eða að minnsta kosti mjög lítið. Hann hefur þá jafnframt borið, að hann hafi engan hraðamæli haft í bifreiðinni og að svo hafi verið í tvö ár og að hann eigi því erfitt með að gizka á hraðann. Annað sagði hann, að ekki hefði verið að bifreiðinni, nema hlaup hafi verið á stýri og að hann hafi ekki fengið úr því bætt, vegna þess að varahlutir fengust ekki. Því sama hélt hann fram varðandi hraðamælinn, að efni vantaði til viðgerðar.

Síðar hélt ákærði því fram í rétti, að hann hefði ekið austan til (hæggra megin) á götunni. Einnig sagði hann þá, að hann hefði séð, að áreksturinn var yfirvofandi augnabliki fyrir, og hefði hann verið búinn að beygja aðeins til vinstri, þegar áreksturinn bar að.

Ákærði hefur stöðugt neitað því, að hann hafi neytt áfengis fyrir slysið eða verið undir áhrifum áfengis. Sagði hann, að Sigurður Jónsson hefði komið með hálfa flösku af áfengi í bifreiðina og annað áfengi hafi ekki í hana komið þetta kvöld eða um nóttina, og sagði, að Sigurður hefði setið einn að því, en hvorki hann eða stúlkurnar hefðu bragðað á því. Síðar sagði hann þó, að stúlkurnar hefðu bragðað á því. Hins vegar skýrði hann frá því, að hann hefði neytt áfengis, eftir að hann var kominn heim um nóttina. Sagði hann, að þegar eftir heimkomuna hefði hann tekið óátekna brennivínsflösku inni í eldhússkáp og farið að drekka úr henni og gefið gömlum manni, sem hjá honum var, Ágúst Jóhannssyni að nafni, með sér. Sagðist ákærði hafa lokið úr flöskunni og ekki farið að sofa fyrr en um kl. 06.30 um morguninn. Nokkur vitni hafa verið leidd í máli þessu. Vitnið Friðjón Pálsson bifreiðarstjóri, 25 ára að aldri, hefur borið þetta, auk þess sem að framan er greint: Þegar vitnið heyrði hljóðið frá árekstrinum, leit hann strax út um glugga og varð þess ekki var þá né heldur síðar, að neinn væri í bifreiðinni með ákærða. Þegar vitnið kom út, sat ákærði inni í bifreið sinni, og spurði hann vitnið, hvort allt væri í lagi með hans bifreið, og sagði vitnið, að svo væri, en tók fram, að hliðarborðið vinstra megin hefði brotnað dálítið. Vitnið hjálpaði síðan til að losa bifreiðarnar sundur, og sneri ákærði því næst sinni bifreið í gang með sveif og ók á burt. Þá hefur vitni þetta borið, að það hafi ekkert séð í fari ákærða, sem benti til þess, að hann væri undir áhrifum áfengis, en tók fram í því sambandi, að ákærði hefði verið nokkuð rauður í framan. Vitnið kveðst þekkja ákærða rétt frá öðrum, en aldrei hafa talað við hann fyrr.

Vitnið Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri, 30 ára að aldri, hefur borið þannig: Umræddan dag byrjaði hann að neyta áfengis úr flösku, sem hann átti. Síðar um daginn keypti hann eina flösku af brennivíni og byrjaði að neyta innihaldsins. Nokkru síðar hitti hann ákærða og fór í bifreiðina hjá honum, og tóku þeir síðar tvær þýzkar stúlkur, sem ákærði þekkir, upp í bifreiðina og óku fyrst norður fyrir bæinn og síðan upp að Lögmannshlíð og aftur í bæinn. Síðan var ekið með stúlkurnar að Syðra-Hóli og Munkaþverá. Þeir óku síðan til bæjarins aftur, og fór vitnið heim í mat, en ákærði sagði vitninu, að hann ætlaði aftur til nefndra stúlkna, og hafi boðið sér að koma með og hafi hann því skilið áfengisflöskuna, sem var næst hálft, eftir í bifreiðinni. Kvaðst vitnið hafa verið töluvert undir áhrifum áfengis, þegar það hitti ákærða fyrst, og hafi það aukizt, meðan það var í bílnum. Vitnið kvaðst hafa verið í mat um klukkustund, og hefði ölvíman þá nokkuð runnið af sér. Um kl. 20.30—21.00 kvaðst vitnið aftur hafa farið í bílinn hjá ákærða, og var því aftur ekið á framan-greinda bæi og þýzku stúlkurnar teknar í bifreiðina.

Einnig hefur vitnið borið, að annaðhvort þá eða þegar þeir fóru með stúlkurnar heim fyrr um daginn, hafi þeir ekið eina eða tvær bæjarleiðir fram fyrir Munkaþverá. Hefur vitni þetta staðhæft, að það hafi ekki gefið ákærða áfengi í þessum ferðum eða séð hann neyta áfengis, og tók vitnið það fram, að það hefði sagt ákærða, að það mundi ekki gefa honum áfengi. Vitnið sagði og, að ákærði hefði aldrei þenna dag boðið sig

um áfengi. Hins vegar sagðist vitnið nokkrum sinnum hafa farið út úr bifreiðinni og skilið áfengisflöskuna eftir í framsætinu, auk þess sem hann skildi hana þar eftir, meðan hann var í mat. Loks skýrði vitnið svo frá, að það hefði verið orðið svo mikið drukkið, þegar það kom heim um nóttina, að það myndi mjög óljóst eftir, hvað gerðist þá, og mundi ekki eftir því, þegar hann kom heim. Vitnisburð þessa vitnis hefur ákærði við-urkennt í aðalatriðunum.

Vitnið Helene Bibensee, þýzk stúlka, til heimilis að Munkaþverá, 21 árs að aldri, hefur borið eftirfarandi: Greindan dag hitti hún ákærða hér í bænum, um kl. 16.00. Bauðst ákærði til að aka henni og vinkonu hennar heim, fram í Öngulsstaðahrepp. Þáðu þær boð þetta og fóru upp í bifreiðina, og var Sigurður Jónsson bifreiðarstjóri þá einnig í henni. Var síðan ekið um stund um bæinn og því næst út fyrir bæinn. Þegar þangað var komið, tóku þeir ákærði og Sigurður fram áfengisflösku, sem ekki var alveg full, og blönduðu áfenginu saman við Vallash (gosdrykk) og drukku það síðan.

Hún sagði, að stúlkurnar hefðu einnig bragðað lítills háttar á áfenginu. Síðan var ekið aftur suður á bóginn og fram að Litla-Hóli og Munkaþverá, og talaðist þá svo til með þeim, að ákærði sækti stúlkurnar aftur um kvöldið. Ekki kvaðst vitnið hafa séð áfengisáhrif á ákærða í þetta sinn. Um kl. 21.30 kom ákærði aftur fram að Munkaþverá, og var Sigurður Jónsson þá einnig með honum, svo og vinkona vitnisins, Rita Mitterswei. Sagði vitnið, að ákærði hefði þá verið sýnilega ölvaður. Var nú fyrst ekið fram á móts við Stóra-Hamar, og á leiðinni þangað neyttu þeir ákærði og Sigurður alltaf öðru hverju úr áfengisflöskunni, og áleit vitnið, að það hefði verið sama flaskan og þeir voru með fyrr um daginn. Þegar að Stóra-Hamri kom, var áfengið þrotið, og kastaði ákærði flöskunni þá í stein við veginn. Síðan var ekið sem leið liggur til Akureyrar, og sagðist vitnið ekki hafa orðið þess áskynja, að áfengis væri neytt í bifreiðinni á þeirri leið. Þegar í bæinn var komið, stöðvaði ákærði bifreiðina nálægt höfninni og heyrði vitnið þá, að Sigurður sagði við ákærða, að nú ætlaði hann að útvega meira áfengi. Var nú um stund beðið eftir Sigurði, en er hann kom ekki aftur, fór vitnið út úr bifreiðinni og gekk að Hótel KEA. Þegar vitnið kom aftur til baka, kom ákærði í bifreiðinni á móti því. Var Sigurður nú kominn aftur í bifreiðina, og var nú ekið aftur út fyrir bæinn, og neytti Sigurður þar töluverðs áfengis, og tók ákærði sopa öðru hverju. Kvaðst vitnið þá hafa sagt við ákærða, að hann skyldi ekki drekka svona mikið, því þá gæti hann ekki keyrt. Sagði Sigurður þá, að hann skyldi keyra, en ekki varð þó neitt af því. Síðan var ekið aftur inn í bæ að síðan fram að Munkaþverá, og var þá klukkan um 01.00. Á leiðinni inn eftir neytti Sigurður enn áfengis, en ákærði ekki. Staðhæfir vitnið, að ákærði hafi aðeins verið kenndur, er hann ók bifreiðinni í þetta sinn, eða eins og vitnið orðaði það „angeheitert“. Vitnið kveðst hafa reynt til að hindra ákærða í að neyta áfengis. Ekki kveðst vitnið neitt hafa fundið við akstur ákærða að at-huga. Vitnið kvaðst sjálft einskis áfengis hafa neytt um kvöldið, en sagð-

ist hafa neytt áfengis, þegar það var með ákærða í eftirmiðdaginn greindan dag, og hefði það þá aðeins fundið á sér, en ekkert um kvöldið.

Rita Mitterswei, þýzk stúlka, 19 ára að aldri, til heimilis að Syðra-Hóli, hefur einnig mætt sem vitni. Ber vitnisburði þessa vitnis saman við vitnisburð Helen Bibensee, að því er snertir ferðir þeirra með ákærða greindan dag, og einnig í höfuðatriðum, að því er varðar önnur atriði. Þannig sagði vitnið, að frásögn Helen af ferðinni út fyrir Akureyri um miðjan daginn sé sönn í öllum atriðum, og sagði, að sig minnti, að mennirnir hefðu hellt úr Vallash-flösku í brennivínsflösku til þess að blanda áfengið. Þá hefur vitnið borið, að ákærði hafi neytt áfengis um kvöldið á leiðinni frá Litla-Hóli að Munkaþverá, en ekki á leiðinni þaðan til Akureyrar. Þá hefur vitnið borið, að á leiðinni að Stóra-Hamri hafi verið tekin upp brennivínsflaska. Var bifreiðin síðan stöðvuð, og neyttu karlmennirnir þar áfengis, og telur vitnið, að það hafi verið blandað með Vallash. Einnig sagði vitnið, að stúlkurnar hefðu neytt lítils háttar af áfenginu á þessum stað, blandað með sítron. Ekki vissi vitnið, hversu var neytt þarna af áfengi. Þegar til Akureyrar kom, var stöðvað skamma stund, og sóttu karlmennirnir sér sigarettur, en ekki varð vitnið þess vart, að þá væri komið með áfengi í bifreiðina.

Á ferðinni út fyrir Akureyri um kvöldið, segir vitnið, að bifreiðin hafi oft verið stöðvuð og hafi karlmennirnir oft sopið á áfenginu á leiðinni, en stúlkurnar hafi alltaf drukkið mjög lítið. Einnig hefur vitnið borið, að það hafi séð, að áfengi hafi verið hellt saman við Vallash í bifreiðinni, og hafi þeir ákærði og Sigurður drukkið af því, einnig kveðst vitnið hafa bragðað á sömu flöskunni og fundið, að áfengi var í því. Loks hefur vitnið borið, að það hafi séð áfengisáhrif á ákærða, þar eð hann hafi verið „angeheitert“, eins og vitnið orðaði það. Vitnið sá ekki, að ákærði æki ógætilega, og virtist stjórn hans á bifreiðinni vera örugg. Báðar þýzku stúlkurnar hafa unnið eið að vitnisburði sínum.

Vitnið Ágúst Jóhannsson, 64 ára að aldri, sem bjó á sömu hæð og ákærði, þegar þetta atvik gerðist, hefur borið svohljóðandi: Vitnið var á fótum, þegar ákærði kom heim greinda nótt, og opnaði útidyrnar fyrir honum. Sagði vitnið, að ákærði hefði verið grátandi og með áfengisflösku í hendinni og skýrði vitninu frá slysinu. Sagðist vitnið halda, að flaskan hafi verið alveg óátekinn, þegar ákærði kom með hana, og hefði hann sett tappann niður í hana og þambað úr henni á örskammri stund, þar til ekki var eftir í henni nema $\frac{1}{2}$ peli, og afhenti hann þá vitninu flöskuna og sagði, að það mætti eiga það, sem eftir væri. Vitnið hefur jafnan haldið því fram, að það hafi ekki séð, að ákærði væri drukinn, þegar hann kom heim, en tók fram, að ekki sæist á ákærða, þótt hann hefði drukkið dálítið áfengi. Hins vegar sagði vitnið, að ákærði hefði orðið svo ofurölvi af að drekka úr flöskunni, að hann hefði oltið út af sofandi eftir 5–10 mínútur. Einnig bar vitni þetta, að ákærði hefði komið heim að borða um matmálstíma kvöldið áður og hefði það ekki séð ölvun á honum þá. Síðar bar vitni þetta, að það hefði séð ákærða með áfengisflösku í hendinni í dyrnum, þegar hann var kominn, og vissi ekki betur en ákærði hefði verið

með hana, þegar hann kom inn. Varðandi þenna vitnisburð hefur ákærði sagð, að hann mótmælti því ekki, að hann hafi sofnað fljótlega, eftir að hann kom heim, en hann hafi verið vakandi síðar um nóttina. Hins vegar hefur hann haldið fast við það, að hann hafi ekki verið með flöskuna, þegar hann kom inn. Tveir bifreiðaeftirlitsmenn, Snæbjörn Þorleifsson og Svafar Jóhannsson, skoðuðu bifreiðina A—37 sama sólarhringinn og slysið varð, og hafa þeir lýst skemmdum á henni eftir slysið þannig, að hún hafi verið mikið skemmd, hægri hliðin mikið til í klessu, sérstaklega fram- og afturhurð, og báðar uppistöður. Einnig voru hliðarrúður brotnar og vinstri helmingur framrúðu, framaurbretti hafi undizt upp að aftan og stýrishjólið brotnað. Bifreiðinni var ekið nokkurn spöl, og reyndust fóthemlarnir sæmilegir, og ekkert virtist athugavert við stýrisgang, en handhemill var óvirkur. Bifreiðin hafði verið skoðuð af eftirlitinu 5. maí s.l., og hafði þá ekki önnur athugasemd verið gerð við hana en varðandi handhemilinn. Bifreiðin A—37 er af Plymouthgerð, smíðaár 1942, breidd 1.85 m. Vörubifreiðin A—315, sem ákærði ók á, er Ford, smíðaár 1942, 1.92 m breið. Bifreiðaeftirlitsmennirnir hafa báðir mætt í rétti og staðfest þar vottorð sitt, en Svafar Jóhannsson, sem ók bifreiðinni við skoðunina, hefur borið, að hann hafi ekki reynt hemlana á meira en 25 km hraða og geti því ekki um borið, hvernig þeir hefðu virkað á meiri hraða.

Eins og framan er rakið, hefur ákærði stöðugt neitað því að hafa verið undir áhrifum áfengis eða neytt áfengis við bifreiðarstjórn í þetta sinn. Blóðrannsókn liggur engin fyrir, svo eigi verður á henni byggt. Þrjú vitni hafa borið, að þau hafi eigi séð, að ákærði væri ölvaður greinda nótt, en þar af var eitt þeirra mikið ölvað. Hins vegar hafa tvö önnur vitni, sem eigi virðist nein ástæða til að ætla, að vildu bera ákærða í óhag, borið, að ákærði hafi verið kenndur við bifreiðarstjórn marggreinda nótt og að þau hafi séð hann neyta áfengis hvað eftir annað. Lítur rétturinn svo á, að með þessum gögnum sé ekki nægilega sannað, að ákærði hafi verið ölvaður við beifreiðarakstur greint skipti, og ber því að sýkna hann af þeirri ákæru. Hins vegar álitur rétturinn, að hinir eiðfestu vitnisburðir tveggja fullgildra vitna um þær staðreyndir, að ákærði hafi neytt áfengis í bifreiðinni að þeim ásjáandi, sé nægileg sönnun þess, að svo hafi verið, og hefur ákærði með því gerzt brotlegur við upphafsákvæði 1. mgr. 23. gr. bifreiðalaga, og að hann hafi af áfengisneyzlunni verið haldinn slíkum sljóleika við bifreiðarakstur, að varði við ákvæði 3. mgr. sömu gr. Enn fremur verður að telja, að með játningu ákærða sé sannað þrátt fyrir vottorð bifreiðaeftirlitsmanna, að hvorki fóthemlar eða handhemlar hafi verið í lagi, og varðar það við ákvæði 5. gr. bifreiðalaganna, og með því að hafa óvirkan hraðamæli hefur ákærði brotið í bág við ákvæði 9. gr. sömu laga.

Loks verður að telja, að þar sem ákærði hafði beina braut fram undan sér, 5.20 m breiða, og ekur þó á aðra bifreið, sem stendur kyrr, á fullri ferð, án þess að nokkuð væri utanaðkomandi, sem truflaði hann, og þar sem hann jafnframt hefur viðurkennt, að hann hafi ekki horft sem skyldi fram undan sér og verið þó að minnsta kosti á hámarks hraða, hafi hann

sýnt mjög vitavert kæruleysi í akstri, og varðar það við ákvæði 26. gr., 1. mgr., og 27. gr., 1. mgr., bifreiðalaganna, 2. gr. og 4. gr., 3. mgr., umferðarlaganna og 48. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar frá 11. jan. 1934, og með því að aka hægra megin á götunni hefur hann brotið ákvæði 6. gr. umferðarlaganna og 33. gr. lögreglusamþykktar Akureyrar.

III.

Samkvæmt því, sem að framan er rakið, þykir refsing ákærða samkvæmt 38. gr. bifreiðalaganna, 14. gr. umferðarlaganna og 97. gr. lögreglusamþykktar fyrir Akureyrarkaupstað frá 11. janúar 1934 hæfilega ákveðin 1000.00 kr. sekt til ríkissjóðs. Þá þykir rétt með tilliti til þess, að ákærði hefur áður sætt dómi fyrir neyðlu áfengis við stjórn bifreiðar, og hegðunar hans í sambandi við bifreiðaárekstra þá, er í máli þessu greinir, svo og annarrar undanfarandi hegðunar hans í sambandi við bifreiðarstjórn rétt að svipta hann rétti til bifreiðarstjórnar ævilangt.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 300.00 í málsvarnarlaun til hdl. Jóns Þorsteinssonar.

Nokkur dráttur hefur orðið á uppsögn dóms þessa, og stafar hann af óvenjulegu annríki við rannsókn sakamála.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Pálmi Karlsson, greiði 1000 krónur í sekt til ríkissjóðs, og komi 10 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan fjöggra vikna frá lögbirtingu dóms þessa að telja.

Ákærði er sviptur ævilangt rétti til að stjórna bifreið. Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 300.00 í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, Jóns Þorsteinssonar hdl.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.